

an þar var lögmæt, en það athugast, að vottorð héraðlútandi er eigi tekið upp í undirréttardóm-
inn.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal standa óraskaður.
ur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 2/1900:

Haraldur Ó Briem

gegn

hreppsnefnd Geithellnahrepps.

D ó m u r:

Með bréfi, dags. 7. desbr. 1897, sem birt var áfrýjandanum af hlutadeigandi stefnuvottum 20. des. næst á eftir, sagði hin stefnda hreppsnefnd Geithellnahrepps áfrýjandanum upp ábúð á $\frac{2}{3}$ hlutum jarðarinnar Búlandsness, er var eign hreppsins, en áfrýjandi hafði haft bygging fyrir henni síðan 1880, og skyldi áfrýjandinn samkvæmt útbyggingarskjalinu víkja af jörðinni í næstu fardögum (1898). Áfrýjandi sinti eigi útbyggingu þessari og leitaði þá hreppsnefndin aðstoðar fógeta, sem síðan úrskurðaði 7. júnímán. 1898, að áfrýjandinn mætti út berast af jörðinni, og vék þá áfrýjandinn af jörðinni.

Þessum úrskurði hefir nú áfrýjandinn, að fenginni uppreist til áfrýjunar og gjafsókn, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. jan. þ. á., og hefir þess verið krafist af hans hendi, að hinn á-

frýjandi úrskurður verði feldur úr gildi, og áfrýjandi sýknaður af kærnum og kröfum útbyggjenda, en að honum verði í skaðabætur fyrir ólögmetan útburð og útbygging dæmdar 1500 kr., eða til vara önnur upphæð eftir mati réttarins eða eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna, og loks að allur málskostnaður að skaðlausu, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, sé látinn falla á stefndu, hreppsnefndina, þar á meðal málsfærslulaun til málfutningsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi, 50 kr., eða önnur upphæð eftir mati réttarins. Af hálfu hreppsnefndarinnar, sem einnig hefir fengið gjafsókn fyrir yfirdómi og jafnframt skipaðan málsfærslumann, hefir þess aftur á móti verið krafist, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talið málfutningskaup til málsfærslumanns hreppsnefndarinnar eftir mati yfirdómsins.

Áfrýjanda voru bygðir $\frac{2}{3}$ hlutar jarðarinnar Búlandsness af hreppsnefnd Geithellnahrepps með bréfi dags. 22. maí 1880 frá fardögum sama ár, og skyldi hann mega hafa þennan jarðarpart til ábúðar og allra afnota meðan hann þyrfti jarðarinnar við, ef hann héldi byggingarskilmálana, þá er í bréfinu voru settir, en þar var meðal annars áskilið, að landskuldin (400 fiskar) skyldi greidd fyrir nýjár ár hvert til hreppsnefndarinnar, og að leiguliði skyldi leitast við að auka og rækta tún, engjar og varp, selveidi og alt annað, sem jörðinni mætti vera til viðgangs. Hreppsnefndin hefir

nú byggt útbygging sína á því, að áfrýjandinn hafi eigi greitt í tæka tíð eftirgjaldið eftir jörðina fyrir fardagaárið 18⁹⁶/₉₇, og að hann hafi eigi setið jörðina eins vel og vera bar. Um eftirgjaldsgreiðsluna er það viðurkent í málinu, að landskuldin fyrir fardagaárið 18⁹⁶/₉₇, sem samkvæmt byggingarskilmálunum átti að greiðast fyrir nýjár 1897, var eigi greidd fyrr en 23 desbr. 1897, eða næstum ári síðar en skyldi, og henni var ólokið þegar útbyggingin fór fram. Áfrýjandi hefir viljað réttlæta þennan drátt á greiðslunni með því, að það hafi verið orðin breyting á hinum upprunalegu byggingarskilmálum að því gjalddagann snerti með venju og samkomulagi við gjaldkera hreppsins, og það er upplýst, að nokkur árin á undan hafði áfrýjandi ekki borgað landsskuldina fyrr en tæpu ári eftir gjalddaga. Áfrýjandi hefir þó eigi fært neinar sönnur á það, að hann hafi fengið breyting á gjalddaga landskuldarinnar í greinda átt, og þó að sami eða líkur dráttur á greiðslunni og í þessu máli er átalinn hafi átt sér stað áður, nokkur undanfarin ár, þá gat það eitt út af fyrir sig eigi svift hreppsnefndina rétti til að heimta eftirleiðis, að hinn skýlaus greiðslutími væri haldinn, enda er því haldið fram af hreppsnefndinni að áfrýjandi hafi áður sætt áminningum fyrir greiðsludráttinn og jafnvel hótunum af hálfu nefndarinnar um útbyggingu. Áfrýjandi verður samkvæmt þessu að álitast hafa brotið hina settu byggingarskilmála með því, að greiða eigi landskuldina 18⁹⁶/₉₇ í tæka tíð, og gjörist þá eigi þörf

að rannsaka hitt atriðið, sem honum var fundið til foráttu, að hann hafi eigi setið jörðina svo vel, sem vera bar. Áfrýjanda var þannig réttilega út bygt af jörðinni, og þar sem hann beitti þrásetu, var rétt að bera hann út af jörðinni. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður. Hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar ákveðast 20 kr. í málsflutningslaun, er greiddist úr landssjóði. Það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður og hin stefnda hreppsnefnd að vera sýkn af kærum og kröfum áfrýjanda í máli þessu. Yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni greiddist úr landssjóði í málsfærslulaun fyrir yfirdómi 20 krónur.

Mánudaginn 10. septembermánaðar.

Nr. 17/1900:

Carl F. Schiöth

gegn

Sigfúsi Danielssyni fyrir hönd
verzlunar Jóns Magnússonar á
Eskifirði.

D ó m u r :

Með gestaréttardómi Suðurmúlasýslugengnum
20. janúar þ. á. var áfrýjandi þessa máls, kaup-